

Nd.

392. Nefndarálit

[130. mál]

um frv. til l. um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfraeði- og ættfræðirannsóknnum hér á landi.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur aflað umsagna þjóðskjalavarðar og hagstofustjóra um frv., og eru umsagnir þeirra prentaðar sem fylgiskjöl með nál. þessu. Einnig hefur málið verið rætt við flm. og þjóðskjalavörð á nefndarfundi.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin „náð hafa 15 ára aldri og“ í 1. málgr. falli burt.
2. Við 2. gr.
 - a. 1. málgr. orðist svo:

Hvern mann, karl og konu, 15 ára og eldri, skal skrá á sérstakt spjald með fullu nafni og fōðurnafni.
 - b. 4. málgr. orðist svo:

Við ævilok skal færa á spjald hvers einstaklings helztu æviatriði hans og vitna til heimilda, eftir því sem við verður komið.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Þjóðskjalasafnið hefur með höndum skrásetningu samkv. lögum þessum. Til þess að annast þetta starf skal ráða starfsmann, æviskrárritara, er lagt hefur stund á íslenzka ættfræði og mannfraeði og sýnt hæfni og áhuga á því sviði.
4. Við 4. gr. Í stað orðsins „skrásetjari“ í 1. málsl. komi: æviskrárritari.
5. Við 5. gr.
 - a. Í stað orðsins „skrásetjara“ á tveimur stöðum og „skrásetjari“ á tveimur stöðum komi: æviskrárritara, æviskrárritari.
 - b. Orðin „15 ára og eldri“ falli burt.
6. Við 6. gr. Í stað orðsins „skrásetjara“ komi: æviskrárritara.
7. Við 9. gr. Í stað orðsins „skrásetjarann“ komi: æviskrárritara.

Alþingi, 17. febr. 1956.

Gunnar Thoroddsen,	Páll Þorsteinsson,	Halldór Ásgrímsson.
form., frsm.	fundaskr.	
Gils Guðmundsson.	Kjartan J. Jóhannsson.	

Fylgiskjal I.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Reykjavík, 25. janúar 1956.

Ég hef athugað „frumvarp til laga um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi“, sem háttvirt menntamálanefnd neðri deildar hefur sent mér til umsagnar. Mæli ég eindregið með samþykkt þessa frumvarps. Jafnframt vil ég þó taka það fram, að ég tel starfsheitið: skrásetjari, ekki heppilegt, þar sem tveir af skjalavörðum safnsins vinna nær eingöngu að skrásetningu skjala. Mér finnst *æviskrárritari* gæti komið til greina.

Virðingarfyllst,

Barði Guðmundsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Reykjavík, 28. janúar 1956.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 23. þ. m., óskað umsagnar Hagstofunnar um frv. það um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum, sem borið hefur verið fram á Alþingi. Af því tilefni leyfir Hagstofan sér að taka fram eftirfarandi:

Hagstofan telur það ekki hlutverk sitt að láta í té umsögn um tilgang þessa frv. almennt, þar eð málefnið, sem það fjallar um, eru ekki í verkahring Hagstofunnar. Á hinn bóginn munu flestir sammála um, að sé unnt að koma á fót slíkri skrá og halda henni við með skaplegum tilkostnaði, þá sé sjálfsagt að ráðast í þessa framkvæmd vegna þýðingar hennar fyrir ættfræði, mannfræði og sögu þjóðarinnar.

Hagstofan hefur ekkert að athuga við þau ákvæði frv., er varða samband hinnar áformuðu spjaldskrár við allsherjarspjaldskrána, sem starfrækt er af Hagstofunni. Það skal tekið fram til viðbótar, að verði frv. þetta að lögum, þá mun Hagstofan kappkosta að styðja þessa starfsemi eftir því sem fjárhagsgeta hennar og aðrar starfsaðstæður leyfa.

Ekki er ástæða að fjölyrða um einstök atriði frv., en Hagstofan telur þó rétt að minnst fáum orðum á starfsgrundvöll hinnar fyrirhuguðu spjaldskrár. Í greinargerð frv. er gert ráð fyrir því, að við hana verði ekki annað starfslið en forstöðumaður („skrásetjari“) ásamt vélritunarstúlku, enda verði að öðru leyti notast við aðstoð áhugamanna um allt land. Því er ekki að leyna, að miðað við það, hve stórkostlegt verkefnið er, er mjög vafasamt að unnt verði að komast af með svona takmarkað fast starfslið, ekki sízt framan af, meðan verið er að skrásetja menn aftur í tímann. En þetta er þó að verulegu leyti komið undir dugnaði og skipulagningarhæfileikum skrásetjarans, og skal ekki dregið í efa að svo stöddu, að leiðin, sem frv. gerir ráð fyrir að farin verði í þessu efni, sé fær.

Klemenz Tryggvason.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, Alþingi.